



Alþýðusamband Íslands

Horfur í efnahagsmálum 2010-2013

Hagdeild ASÍ
október 2010



Efnisyfirlit

AÐ VAXA ÚT ÚR VANDANUM	3
HAGSPÁ FYRIR ÁRIN 2010–2013	4
HEIMILIN TAKA VIÐ SÉR	6
HIÐ OPINBERA DREGUR SAMAN	7
ERFIÐ STAÐA RÍKISFJÁRMÁLA	7
ÞUNGUR REKSTUR SVEITARFÉLAGA	8
UMSKIPTI Í FJÁRFESTINGUM	9
ATVINNUVEGIRNIR HALDA UPPÍ FJÁRFESTINGUM	9
LÍTIL UMSVIF Í ÍBÚÐABYGGINGUM	10
SAMDRÁTTUR Í OPINBERUM FJÁRFESTINGUM	11
VIÐSKIPTI VIÐ ÚTLÖND	11
HÆGUR VÖXTUR INNFLUTNINGS	11
AUKINN ÚTFLUTNINGUR	12
AFGANGUR AF VÖRUSKIPTUM EN ÍÞYNGJANDI VAXTAGREIÐSLUR	13
ERFIÐ STAÐA Á VINNUMARKAÐI	13
ATVINNULÍF Í VANDA	13
SVEIGJANLEIKINN DREGUR ÚR ATVINNULEYSI	15
VERÐBÓLGA LÆKKAR	16
GENGIÐ ÁFRAM VEIKT	17
VEXTIR LÆKKA	17



Að vaxa út úr vandanum

Samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ rofar til í efnahagslífinu á næsta ári með hægum vexti og batnandi atvinnuástandi. Það hillir því undir að við náum botni á verstu efnahagskreppu lýðveldistímans. Á þessum tímamótum þegar verstu afleiðingar hrunsins eru komnar fram vaknar spurningin; hversu hratt getum við unnið okkur út úr vandanum? Samkvæmt spá hagdeildar er ekki útlit fyrir mikinn hagvöxt næstu tvö árin. Í spánni er ekki gert ráð fyrir miklum fjárfestingum á komandi árum. Vonir um að ráðist verði í framkvæmdir við álver í Helguvík og framkvæmdir því tengdu hafa dvínað og því er ekki gert ráð fyrir þeim í spánni.

Endurreisn efnahagslífsins hefur gengið of hægt. Deilur, sundrung og ákvörðunarfælni ríkisstjórnar og Alþingis hægja á efnahagsbatanum, ekki hefur tekist að ljúka Icesave deilunni sem kemur í veg fyrir að erlendir lánamarkaðir opnast, gjaldeyrishöftin fæla erlenda fjárfesta frá og fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja er ekki lokið. Þetta er óásættanleg staða í ljósi þess að frá hruni höfum við tapað 1 krónu af hverjum tíu af heildarverðmætasköpun þjóðarinnar eða sem nemur 165 milljörðum króna á ári.

Til að endurheimta fyrri lífskjör, vinna bug á atvinnuleysinu og geta tekist á við skuldavanda heimilanna þurfum við að auka verðmætasköpun þjóðarþúsins. Það gerum við með því að nýta þau tækifæri sem til staðar eru. Við erum í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu, eigum mikinn mannauð og velferðar- og menntakerfi sem hjálpar okkur að takast á við erfiðleika. Eitt af þeim tækifærum sem skiptir máli að nýta er bygging álvers í Helguvík. Tækist okkur að blása lífi í þær framkvæmdir myndi hagvöxtur nær tvöfaldast á næsta ári, atvinnulausum fækka um 1.300 manns, og skilyrði sköpuðust fyrir styrkingu krónunnar.

Vöxturinn skiptir líka máli þegar kemur að ríkisfjármálunum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu þarf að grípa til sársaukafullra aðgerða til að minnka halla ríkissjóðs. Skera á niður í þjónustu ríkisins á mörgum viðkvæmum sviðum, hækka skatta og hvorki er gert ráð fyrir að bætur þeirra verst settu né laun ríkisstarfsmanna hækki á næsta ári. Þetta er dapurleg upptalning en að óbreytu kann að þurfa að grípa til frekari aðgerða því að forsendur frumvarpsins byggja á hagvaxtarspá sem gerir ráð fyrir að ráðist verði í stórframkvæmdir, s.s. byggingu álvers í Helguvík. Verði ekkert af þeim framkvæmdum eins og nú er útlit fyrir munu tekjur ríkissjóðs dragast saman vegna minni veltu í hagkerfinu og útgjöldin munu aukast vegna meira atvinnuleysis.

Vöxturinn skiptir sömuleiðis máli þegar kemur að því að takast á við að greiða miklar erlendar skuldir þjóðarinnar. Margir hafa bent á þá leið að halda gengi krónunnar veiku og fá þannig mikið fyrir útflutning og halda innfluttum vörum nægilega dýrum til þess að lítið verði flutt inn. Þessi leið felur það í sér að lífskjör hér á landi verða lök um ókomin ár eða þar til grynnka fer á skuldafjallinu. Takist okkur á hinn bóginn að auka hér verðmætasköpun og útflutning þá getum við náð afgangi á viðskiptum við útlönd, séð krónuna styrkjast og lífskjör batna.



Hagspá fyrir árin 2010-2013


Hin djúpa lægð sem lagðist yfir íslenskt efnahagslíf í kjölfar hruns bankakerfisins á haustdögum 2008 hefur nú náð botni sínum og framundan eru ár hægfara endurbata og vaxtar. Á síðustu tveimur árum hefur ein króna af hverjum tíu horfið úr verðmætasköpun þjóðarinnar. Verkefni næstu ára verður að stækka þjóðarkökuna til þess að bæta megi hér lífskjör á ný.

Heimilin munu á næstu árum hafa hægt um sig, mikið atvinnuleysi, þung skuldsetning, auknar opinberar álögur, samdráttur í tilfærslum og rýrnun bóta almannatrygginga takmarka vöxt ráðstöfunartekna og einkaneyslu. Atvinnuástandið verður erfitt en hægt dregur úr atvinnuleysi sem gert er ráð fyrir að komið verði niður undir 6% á árinu 2013. Mikill niðurskurður er framundan hjá hinu opinbera þegar laga þarf reksturinn að þungum vaxtagreiðslum af erlendum lánnum, útgjöldum vegna mikils atvinnuleysis og miklum samdrætti í tekjum. Hægt hefur gengið að koma af stað nýjum fjárfestingarverkefnum í atvinnulífinu en ætla má að þegar draga fer úr óvissu í efnahagslífinu og endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækja lýkur taki framkvæmdir að aukast. Lítið verður þó byggt af íbúðarhúsnæði næstu árin og hið opinbera mun draga úr fjárfestingarumsvifum sínum allt tímabilið.

Styrking krónunnar og hægur vöxtur einkaneyslu mun halda aftur af verðhækkunum og verðbólga verður hófleg, um eða innan við 2% næstu árin. Seðlabankinn mun áfram beita aðhaldssamri peningastefnu og gert er ráð fyrir að gjaldeyrishöftum verði létt í áföngum næstu misserin.

Hagdeildin áætlar að landsframleiðsla dragist saman um 3,7% á þessu ári en þá taki við tveggja ára hægur vöxtur þar sem landsframleiðslan vex innan við 2% hvort ár. Á árinu 2013 eykst hagvöxtur og verður tæplega 4%.

Spá hagdeildar byggir á þeirri forsendu að á komandi árum verði unnið samkvæmt efnahagsáætlun og stjórnvalda



stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þá verði Icesave deilan við Breta og Hollendinga leidd til lykta sem hvorutveggja muni auka traust á efnahagslífið og auðvelda aðgengi að erlendum lánamörkuðum. Gengið er út frá því samstaða náist um aðgerðir til endurreisnar efnahagslífsins og sátt verði á vinnumarkaði.



Í spánni er gengið út frá því að endurbætur á álverinu í Straumsvík og tengdar orkuframkvæmdir komist á fullt skrið á árinu 2011 en vegna óvissu um áframhaldandi framkvæmdir við álver í Helguvík er ekki gert ráð fyrir þeim né orkuframkvæmdum þeim tengdum í spánni. Þá er gert ráð fyrir að hluti af niðurskurði opinberra framkvæmda verði mætt með flutningi yfir í einkaframkvæmd.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	2009 í ma.kr.	2009	Áætlun 2010	Spá 2011	Spá 2012	Spá 2013
Einkaneysla	765,4	-16,0	0,5	1,4	2,7	2,4
Samneysla	396,9	-1,7	-3,3	-3,8	-1,8	-0,4
Fjármunamyndun	207,9	-50,9	-18,7	15,6	22,2	19,8
þar af atvinnuvegir	115,8	-55,0	-12,0	33,9	29,9	22,6
þar af húsnæði	40,1	-55,7	-21,9	0,0	8,0	20,0
þar af hið opinbera	52,1	-31,6	-30,5	-23,5	-0,9	1,0
Þjófvarngjöld	1.369,1	-20,9	-3,7	1,9	4,2	4,5
Útflutningur	794,8	7,4	-1,9	1,0	2,7	5,4
Innflutningur	663,2	-24,1	-1,5	1,0	8,6	7,2
Landsframleiðsla	1.500,8	-6,8	-3,7	1,7	1,7	3,8
Verðbólga ¹		12,0	5,4	1,9	1,7	1,9
Atvinnuleysi ²		8,0	8,2	7,7	6,8	6,1
Gengisvísitala ³		223	217	205	201	197
Viðskiptajöfnuður ⁴		-2,2	-0,9	-0,3	-4,1	-4,7

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðisvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu




Heimilin taka við sér

Erfitt atvinnuástand, mikil skuldabyrði, hækkandi verðlag á nauðsynjavörum ásamt auknum opinberum álögum, rýrnandi bótagreiðslum og minnkandi eignatekjum hefur þrengt mjög að heimilunum undanfarið. Við bætist að dregist hefur mjög að leysa úr greiðsluvanda fjölda heimila. Allt hefur þetta valdið því að heimilin hafa á síðustu tveimur árum dregið meira úr neyslu sinni en áður hefur þekkst. Þótt staðan verði áfram þröng og útlit sé fyrir samdrátt í tilfærslum til heimila, s.s. í vaxta- og barnabótum og enn frekari rýrnun bóta almannatrygginga mun batnandi vinnuástand, vaxandi kaupmáttur launa ásamt áframhaldandi heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar skila sér í hægt vaxtandi einkaneyslu næstu árin.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur frá efnahagshruni rýrnað um tæplega fimmtungu og þótt gera megi ráð fyrir að botni þeirrar lífskjaraskerðingar sem þar birtist verði náð á næstu mánuðum munu ráðstöfunartekjur vaxa lítið næsta árið. Mikil skuldsetning mun áfram valda því að heimilin þurfa að verja stórum hluta af ráðstöfunarfé sínu til greiðslu skulda sem takmarkar svigrúm þeirra til neyslu.

Eftir samfellt tveggja ára tímabil rýrnandi kaupmáttar launa þar sem verðlag hækkaði langt umfram laun hefur nú orðið viðsnúningur. Þar hefur lagst á eitt að dregið hefur hratt úr verðbólgu undanfarna mánuði og kjarasamningsbundnar hækkanir launa sem komu til framkvæmda í sumar. Hófleg verðbólga og kjara-bætur í komandi samningum munu tryggja aukinn kaupmátt launa næstu tvö árin en á móti munu auknar opinberar álögur, samdráttur vaxta- og barnabóta og frysting á bótum almannatrygginga draga úr ráðstöfunartekjum. Útgreiðsla séreignarsparnaðar og lausnir sem léttu á greiðsluferfiðleikum heimilanna vinna hins vegar á móti. Til viðbótar má svo nefna að frekari fólksflutningar frá landinu draga úr heildarneyslu heimilanna.




Hagdeildin áætlar að einkaneysla aukist um 0,5% á þessu ári, um 1,% á næsta ári og um tæplega 3% hvort ár 2012 og 2013

Hið opinbera dregur saman

Ríki og sveitarfélög glíma nú við mikinn rekstrarvanda í kjölfar efnahagshrunsins þegar tekjustofnar drógust skart saman og útgjöld jukust einkum vegna atvinnuleysis og vaxtagreiðslna af erlendum skuldum. Mikill halli hefur verið á rekstri hins opinbera síðastliðin tvö ár og ljóst að framundan eru erfið niðurskurðarár. Þótt slíkar aðhaldsaðgerðir reynist erfiðar og nauðsynlegt sé að hlífa viðkvæmum hópum eins og kostur er, eru þær óumflýjanlegar við núverandi aðstæður. Verði ekki tekist á við vandann þarf að fjármagna viðvarandi hallarekstur með frekari lántökum sem enn eykur vaxtakostnað hins opinbera og dregur úr getu til að sinna öðrum þáttum. Slíkt mun til lengri tíma veikja velferðarkerfið enn frekar og draga úr lífskjörum. Í þessari þröngu stöðu eru möguleikar hins opinbera takmarkaðir til þess að skapa mótvægi við niðursveifluna í atvinnulífinu með því að beita fjármálum sínum til að auka umsvif í efnahagslífinu. Tekjusamdráttur hins opinbera var heldur minni síðastliðin tvö ár en gert var ráð fyrir en það kemur fyrst og fremst til vegna aukinna skatttekna í kjölfar úttektar á séreignarsparnaði og tekjum af sölu eigna en eftir stendur að skattstofnar hafa dregist mikið saman. Afleiðingar þessa alls eru að áfram mun draga úr samneyslu og fjárfestingum hins opinbera allt spátímabilið.

Hagdeildin áætlar að samneysluútgjöld muni dragast saman um 3,3% á þessu ári.

Mestur verður samdrátturinn hjá hinu opinbera á árinu 2011 þegar samneyslan dregst saman um 3,8%, á árinu 2012 verður samdrátturinn 1,8% og áfram dregur lítillga úr á árinu 2013, eða um 0,4%. Gangi þetta eftir má áætla að undir lok spátímans verði samneysluútgjöld á mannsvipuð og þau voru á árunum 2001-2002.



Erfið staða ríkisfjármála

Samkvæmt efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er stefnt að því að rekstur ríkisins verði á fremur skömmum tíma lagaður að aukinni vaxtabyrði og minnkandi tekjum þannig að unnt verði að hefja niðurgreiðslu skulda ríkisins á ný. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir því að stjórnvöld fylgi þessari áætlun eftir næstu árin og að jafnvægi verði komið á rekstur ríkisins undir lok spátímans. Til að setja vaxtakostnað ríkisins í samhengi má nefna að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður ríkisins verði 75 milljarðar króna á næsta



ári sem er tæplega 16% af áætluðum heildartekjum ríkisins það ár. Til samanburðar eru heildarútgjöld ríkisins til menntamála á árinu 2011 áætluð 56,5 milljarðar og til heilbrigðismála 97,6 milljarðar. Áætlun stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum miðar að því að s.k. frumjöfnuður ríkissjóðs, sem er jöfnuður að undanskildum vaxtatekjum- og gjöldum, verði jákvæður þegar á næsta ári sem þýðir í reynd að reglulegur rekstur ríkisins standi undir sér og ekki þurfi að fjármagna hann með frekari skuldsetningu. Áætlunin gerir ráð fyrir að á árinu 2013 verði afgangur af rekstri ríkissjóðs á ný. Til að ná þeim markmiðum sem þarna eru sett fram er ljóst að beita þarf verulegu aðhaldi og auka tekjur ríkissjóðs umtalsvert á næstu árum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir komandi ár er aðlögunarþörf ríkissjóðs sögð vera 44 milljarðar króna til þess að ná markmiðum áætlunarinnar. Til að ná þeim er áætlað að auka tekjur ríkisins um 11 milljarða og draga saman útgjöld um 33 milljarða. Með þessum ráðstöfunum eru heildartekjur ríkisins áætlaðar um 477,5 milljarðar króna og heildarútgjöld tæplega 514 milljarðar þannig að halli ríkissjóðs á árinu er áætlaður um 36,5 milljarðar króna. Fjárlagafrumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir því að persónuafsláttur muni hækka líkt og samið var um tengslum við gerð kjarasamninga. Þegar tillit er tekið til þess hækkar aðhaldsstig frumvarpsins úr 44 milljörðum í 52 milljarða. Efnahagsáætlunin gengur út frá því að á árunum 2012-2014 verði afkoma ríkissjóðs fyrst og fremst bætt með auknum tekjum sem til komi vegna batnandi efnahagsástands en einnig er gert ráð fyrir breytingum á skattalögum. Gangi forsendur um batnandi efnahag ekki eftir er ljóst að grípa þarf til frekari aðhaldsaðgerða til að jafnvægi náist í ríkisrekstrinum.

Efnahagsáætlun stjórnvalda byggir á hagfelldari þróun efnahagsmála, en hér er dregin upp. Gangi spá hagdeildar eftir eru líkur á að skatttekjur ríkisins verði lægri og útgjöldin meiri en frumvarpið gerir ráð fyrir og því þarf mögulega að grípa til strangari aðhaldsaðgerða. Aukinn niðurskurður og skattheimta mun hægja enn frekar á innlendri eftirspurn og seinka efnahagsbatanum.

Pungur rekstur sveitarfélaga

Rekstur sveitarfélaganna er einnig þungur. Slæmt atvinnuástand og lækkandi fasteignaverð hefur dregið saman helstu rekstartekjur þeirra, útsvar og fasteignaskatta en útgjöld hafa á sama tíma vaxið. Fleiri heimili hafa þurft að nýta sér fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna í kjölfar vaxandi atvinnuleysis og sömuleiðis hafa útgjöld til greiðslu húsaleigubóta farið vaxandi. Sveitarfélögin glíma einnig mörg við mikla skuldsetningu sem er að stórum hluta í erlendri mynt og íþyngir rekstri þeirra verulega. Aðhald mun einkenna rekstur sveitarfélaganna næstu árin og ljóst að mörg þeirra munu þurfa að grípa til umtalsverðra sparnaðaraðgerða til að ná jafnvægi í rekstrinum.


Umskipti í fjárfestingum

Háir vextir, takmarkað aðgengi að lánsfé, mikil óvissa í efnahagslífinu og rekstrarerfiðleikar fyrirtækja hafa hamlað uppbyggingu atvinnulífsins verulega undanfarin misseri. Þetta endurspeglast í miklum samdrætti í fjárfestingum atvinnuveganna en til viðbótar hefur hrun á fasteignamarkaði í kjölfar offjárfestinga liðinni ára og veik stað hins opinbera einnig dregið verulega úr fjárfestingum í íbúðarhúsnæði og framkvæmdum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Fjárfestingar í nýjum verkefnum sem skapað geta góð störf til frambúðar eða stuðlað að uppbyggingu á innviðum samfélagsins og skapað forsendu fyrir annarri uppbyggingu eru lykillinn að því að auka velsæld til framtíðar. Séu ekki aðstæður fyrir hendi í samfélaginu sem tryggja að fyrirtæki og fjárfestar sjái hag í að setja af stað ný verkefni sem skapa verðmæti og atvinnu mun reynast erfitt að bæta hér lífskjör á næstu árum.

Heildarfjárfestingum í efnahagslífinu má skipta í þrennt. Fjárfestingar *atvinnuveganna*, þ.e. nýfjárfestingar fyrirtækja og stóriðjufjárfestingar. Fjárfesting heimilanna í *nýju íbúðarhúsnæði* og í þriðja lagi *fjárfestingar opinberra aðila*, s.s. í vegakerfi eða skólahúsnæði. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir því að heildarfjárfestingar

dragist saman um tæplega fimmtung á þessu ári en þá verði botninum náð og fjárfestingar taki að aukast á ný. Á árinu 2011 aukist fjárfestingar um tæplega 16%, á árinu 2012 um 22% og enn verði um 20% aukning á árinu 2013. Þessi vöxtur er fyrst og fremst tilkominn vegna fjárfestinga



atvinnuveganna en gert er ráð fyrir nokkurri aukningu á byggingu íbúðarhúsnæðis á árunum 2012 og 2013. Hið opinbera mun hins vegar draga úr fjárfestingarumsvifum sínum allt spátímabilið.

Atvinnuvegirinnir halda uppi fjárfestingum

Óvissa í rekstri, fjármögnunarerfiðleikar og hægagangur í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja hefur valdið því að hægt gengur að koma nýjum fjárfestingarverkefnum í atvinnulífinu af stað. Þótt vel gangi í rekstri útflutningsfyrirtækjanna um þessar mundir eru mörg þeirra illa skuldsett og svigrúm þeirra til frekari fjárfestinga því takmarkað. Mikill samdráttur í innlendri eftirspurn



hefur auk þess valdið því að mörg fyrirtæki eru með vannýtta framleiðslugetu og því lítil þörf hjá þeim á frekari fjárfestingum.

Í nýlegri könnun meðal forsvarsmanna stærstu fyrirtækja landsins segjast þorri þeirra gera ráð fyrir því draga saman eða halda óbreyttum fjárfestingum sínum á næstunni en aðeins tæplega fimmtungur hyggst auka fjárfestingar.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir endurbótum á álverinu í Straumsvík og tengdum framkvæmdum vegna orkuöflunar í Búðarhálsvirkjun. Þessar framkvæmdir ná hámarki á árinu 2011 og gert er ráð fyrir að framleiðsla geti hafist í endurbættri verksmiðju á fyrri helmingi ársins 2012 en þá verði bróðurparti framkvæmdanna lokið. Áætla má að samanlögð fjárfesting í þessum verkefnum verði um 80 milljarðar króna og þau skapi ríflega 1.300 ársverk á framkvæmdatímanum en um 25 störf til framtíðar. Vegna mikillar óvissu um áframhaldandi framkvæmdir við álver í Helguvík er ekki gert ráð fyrir þeim né orkuframkvæmdum þeim tengdum í spá hagdeildar. Þá er gert ráð fyrir að hluta niðurskurðar í opinberum fjárfestingum verði mætt með tilflutningi verkefna í einkaframkvæmd, einkum vegaframkvæmdir og byggingu háskólasjúkrahúss.

Á árinu 2011 er áætlað að fjárfesting atvinnuveganna verði borin upp af umræddri uppbyggingu í Straumsvík og þeim verkefnum sem flutt verða frá hinu opinbera í einkaframkvæmd en á árunum 2012 og 2013 muni aðrar atvinnuvegafjárfestingar taka við sér í kjölfar þess að draga fer úr óvissu í rekstrarumhverfi og vinnu við endurskipulagningu fyrirtækja lýkur. Hagdeildin áætlar að atvinnuvegafjárfestingin dragist í heildina saman um rúm 12% á þessu ári en aukist um þriðjung hvort ár 2011 og 2012 og um rúman fimmtung á árinu 2013.

Lítill umsvif í íbúðabyggingum

Lítill umsvif hafa verið á fasteignamarkaði undanfarin tvö ár og fasteignaverð hefur lækkað mikið. Þröng staða heimilanna og mikil óvissa hafa dregið verulega úr eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, þótt markaðurinn hafi heldur tekið við sér á síðari hluta þessa árs. Talið er að enn séu til byrðir af nýju húsnæði til allt að tveggja ára eftir miklar offjárfestingar í íbúðabyggingum á árunum 2005-2008. Því er gert ráð fyrir að íbúðafjárfestingar verði takmarkaðar næstu tvö árin en að þær taki að aukast á ný á síðari hluta árs 2012 og á árinu 2013. Íbúðaverð hefur lækkað um nærri þriðjung að raungildi frá því það var í hámarki á árinu 2007 en áætlað er að botni verðfallsins sé nú senn náð og gert er ráð fyrir fremur litlum breytingum á íbúðaverði næstu misserin.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir ríflega fimmtungs samdrætti í íbúðarfjárfestingum á þessu ári en umsvif á byggingamarkaði eru nú afar lítil eftir þriggja ára samfellda niðursveiflu. Á árinu 2011 er gert ráð fyrir óbreyttum fjárfestingum í íbúðarhúsnæði en aukningu um 8% á árinu 2012 og um fimmtungs aukningu á árinu 2013.

Samdráttur í opinberum fjárfestingum

Þröng fjárhagsstaða og lítið svigrúm til nýrra lántöku hjá ríki og sveitarfélögum takmarkar mjög getu þeirra til nýfjárfestinga næstu árin. Ríkið hefur í ár og í fyrra dregið verulega úr framkvæmdum sínum í vegagerð og öðrum fjárfestingum og áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum gerir ráð fyrir að dregið verði áfram úr framkvæmdum ríkisins næstu tvö árin en lítil breyting verði á árunum 2012 og 2013. Sveitafélögin hafa sömuleiðis dregið mikið saman fjárfestingar sínar á síðustu tveimur árum, áætla má að um fjórðungs samdráttur verði á fjárfestingum þeirra í ár og áfram lítilsháttar samdráttur á árinu 2011 en eftir það aukist fjárfestingar þeirra lítillega.


Í heildina gerir spá hagdeildar ráð fyrir að fjárfestingar hins opinbera dragist saman um þriðjung á yfirstandandi ári, bæði vegna samdráttar hjá ríki og sveitarfélögum, og um tæp 24% á árinu 2011 einkum vegna samdráttar hjá ríkinu. Litlar breytingar verða á opinberum fjárfestingum á árunum 2012 og 2013, bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Viðskipti við útlönd

Afgangur reyndist af viðskiptum með vörur og þjónustu í fyrra í fyrsta sinn síðan árið 2002 sem skýrist af miklum samdrætti í innflutningi á neyslu- og fjárfestingarvörum og hagstæðum skilyrðum útflutningsgreinanna. Þrátt fyrir talsverðan samdrátt í heimsviðskiptum á síðasta ári hafði það lítil áhrif á útflutning frá Íslandi sem nýtur sterkari samkeppnisstöðu vegna veikrar krónu.

Hægur vöxtur innflutnings

Minni einkaneysla og samdráttur í fjárfestingum draga úr eftirspurn eftir innfluttum vörum auk þess sem veik staða krónunnar dregur verulega úr kaupgetu okkar á erlendum vörum. Á síðustu tveimur árum hefur innflutningur dregist mikið saman vegna þessa en verulega hefur nú hægt á þeim samdrætti og áætla hagdeildin að innflutningur dragist í heildina saman um 1,5% á þessu ári. Gert er ráð fyrir lítilsháttar aukningu í innflutningi á næsta ári vegna aukinna fjárfestinga í stóriðju en áfram dregur nokkuð úr innflutningi neysluvara. Þegar staða heimilanna fer að vænkast á árunum 2012 og 2013 og





fjárfestingar atvinnuveganna taka við sér er gert ráð fyrir að innflutningur bæði neyslu og fjárfestingarvara fari vaxandi. Samkvæmt spánni eykst innflutningur um tæplega 9% á árinu 2012 og um 7% á árinu 2013.


Aukinn útflutningur

Veik króna og lágt raungengi styðja við útflutningsgreinarnar og bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Þrátt fyrir alþjóðlegan samdrátt jókst útflutningur á vörum og þjónustu nokkuð í fyrra, einkum þjónustuútflutningur, sem rekja má til aukningar í ferðaþjónustu. Afkastageta margra útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi, fiskvinnslu og álbræðslu er nú fullnýtt en mikil skuldsetning og erfitt aðgengi að lánsfé takmarka möguleika þeirra til frekari vaxtar. Þessi staða hamlar því nokkuð að hefðbundnu útflutningsgreinarnar geti nýtt sér frekar hin hagstæðu samkeppnisskilyrði. Að auka framleiðslugetu í fyrirtækjum eins og stóriðjuverum er auk þess tímafremt og getur krafist áralangs undirbúnings.

Iðnaðarvörur vega þyngst í verðmæti vöru- og þjónustuútflutnings, tæplega 40%, en þar af kemur stærsti hlutinn frá afurðum orkufreks iðnaðar. Hlutur sjávarafurða er um fjórðungur og þjónustuviðskipti, þ.m.t. ferðaþjónustan standa fyrir ríflega þriðjungs hlut.

Verð á sjávarafurðum í erlendri mynt hefur hækkað nokkuð á yfirstandandi ári en styrking krónunnar á árinu vinnur á móti og lækkaði verð sjávarafurða í íslenskum krónum um 4,8%. Álverð hefur sömuleiðis hækkað talsvert í verði í erlendri mynd og þrátt fyrir að styrking krónunnar vegi á móti hefur álverð hækkað um ríflega 6% í íslenskum krónum á árinu.


Á þessu ári gerir spá hagdeildar ráð fyrir að útflutningur á áli dragist nokkuð saman einkum vegna bilunar í verksmiðju Ísal fyrr á árinu, útflutningur sjávarafurða mun hins vegar aukast nokkuð sem og þjónustuútflutningur til ferðamanna. Í heildina dregst útflutningur vöru og þjónustu saman um tæplega 2% sem skýrist af því að á árinu 2009 hafa verið seldar úr landi flugvélar sem vega þungt í heildarútflutningnum. Að þeim undanskildum er vöxtur útflutnings um 1% í ár. Á næsta ári gerir hagdeildin ráð fyrir lítilsháttar aukningu í útflutningi um 1%, á árinu 2012 eykst útflutningur um tæp 3% og um rúm 5% á árinu 2013 þegar framkvæmdir í verksmiðjum Ísal skila aukinni framleiðslu.



Afgangur af vöruskiptum en íþyngjandi vaxtagreiðslur

Vöru og þjónustuviðskipti við útlönd hafa undanfarin misseri skilað nokkrum afgangi eftir áralangan halla. Heildar viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum ræðst hins vegar bæði af viðskiptum með vörur og þjónustu og vaxta-greiðslum til og frá landinu. Til að standa undir greiðslum af miklum erlendum skuldum þarf þjóðarbúið að skila afgangi af viðskiptum við útlönd og því er lykilatriði að auka útflutningstekjur sem aðeins verður gert með því að byggja upp nýjar útflutningsgreinar eða auka afköst þeirra sem fyrir eru með nýfjárfestingum.

Hagdeildin áætlar að viðskiptahallinn verði tæplega 1% í ár og enn dragi úr honum á árinu 2011. Með auknum innflutningi og auknum vaxtagreiðslum má gera ráð fyrir að viðskiptahalli aukist á ný á árunum 2012 og 2013, hann verði neikvæður um 4-5% á ári bæði árin.



Erfið staða á vinnumarkaði

Atvinnulausum hefur fjölgað mikið í kreppunni eða úr 2.500 manns í september 2008 í 12.650 manns í september í ár sem er u.þ.b. fimmföldun. Á heildina litið hefur ástandið skánað örlítið yfir sumarmánuðina en nánast farið í sama farið yfir veturinn. Það er sérstakt áhyggjuefni hvað langtímaatvinnuleysi hefur aukist mikið en um 57% atvinnulausra hefur verið án vinnu lengur en í sex mánuði.

Atvinnulíf í vanda

Til að sporna gegn neikvæðum afleiðingum kreppunnar á atvinnuástandið hafa verið uppi áform um margvíslegar mótvægisaðgerðir til að örva atvinnulífið. Í Stöðugleikasáttmálanum frá í júní 2009 er t.d. að finna yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu. Þar segir m.a. að ríkisstjórnin muni greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda eins og vegna álvers í Helguvík og endurnýjun álvers í Straumsvík. Þá segir að undirbúningi vegna meðalstórra verkefna eins og gagnavera og kísilflöguverksmiðju verði hraðað. Loks er sagt að unnið verði skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stærri fjárfestingar.

Sum af þeim verkefnum sem vikið var að í Stöðugleikasáttmálanum eru komin á reksþöl. Fyrst skal nefna að nokkur skriður er kominn á áform um stækkun og



endurbyggingu álversins í Straumsvík svo og tengdar orkuframkvæmdir. Gera má ráð fyrir að þær framkvæmdir skili samtals um 1.300 ársverkum á framkvæmdatímanum aðallega á árunum 2011-2012. Einnig má nefna nokkur verkefni á vegum ríkisins sem komin eru af stað eða eru við það að fara af stað eins og nýbyggingu fyrir Landsspítalann og tvö stór samgönguverkefni, þ.e. tvöföldun á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Þá hefur verið unnið að undirbúningi að byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík og í skoðun er að stækka flugstöðina á Akureyri.

Á hinn bóginn hafa mörg þeirra verkefna sem stjórnvöld hétu að greiða fyrir í Stöðugleikasáttmálanum nánast strandað. Tafir á fjármögnun, skipulagsvinnu og leyfisveitingum tengdum álveri í Helguvík valda því t.d. að ekki er lengur hægt að gera ráð fyrir að þessar framkvæmdir fari af stað á næstunni. Miklar tafir virðast líka vera á framkvæmdum vegna fyrirhugaðra gagnavera og annarra meðalstórra iðnaðarkosta. Þá hafa ýmis óútkljáð mál haft neikvæð áhrif á atvinnulífið og má þar nefna Icesave deiluna við Bretland og Holland sem enn er óleyst, fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hefur tafist, deilt hefur verið um aðkomu erlendra fjárfesta að íslensku atvinnulífi og svona mætti áfram telja. Ljóst er að allt hefur þetta þau áhrif að fjölgun nýrra starfa verður hægari en vonast var til.

Könnun Gallup á stöðu og horfum meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins gefur til kynna heldur dökkar horfur í atvinnumálum. Á öðrum ársfjórðungi í ár töldu nær allir stjórnendur þessara fyrirtækja aðstæður í efnahagslífinu slæmar og hefur það viðhorf nánast ekkert breyst frá hrúni. Þeir horfa samt heldur bjartari augum til framtíðar en áður. Í fyrsta skipti í 3 ár eru fleiri sem sjá fram á betri tíð eftir 6 mánuði en þeir sem spá versnandi horfum. Nær allir sem spurðir voru telja sig hafa nægt starfsfólk. Fækkun starfsfólks er fyrirhuguð hjá 28% fyrirtækja, 14% hyggst fjölga starfsmönnum en 58% býst við óbreyttum starfsmannafjölda. Þetta er heldur dekkri sýn en kom fram í síðustu könnun.

Í grófum dráttum má skipta atvinnugreinunum í þrennt m.t.t. atvinnuástandsins, þ.e. fjölda þeirra sem skráðir eru atvinnulausir:

Í fyrsta lagi eru atvinnugreinar sem urðu fyrir miklu áfalli strax í byrjun kreppunnar en þar sem ástandið hefur heldur skánað. Í þessum flokki eru greinar eins og iðnaður (án fiskvinnslu), mannvirkjagerð, verslun og viðgerðir, flutningastarfsemi, sérfræðistarfsemi og upplýsingar og fjarskipti. Að einhverju leyti kann að vera að betra ástand í þessum greinum endurspeglir brottflutning frá landinu fremur en raunverulega bætt atvinnuástand hér á landi. Þetta virðist t.d. eiga við um greinar eins og mannvirkjagerð þar sem lítið hefur verið um nýframkvæmdir síðustu misseri. Á hinn bóginn hefur samkeppnisstaða ýmissa greina batnað verulega gagnvart innflutningi sem kann að hafa skapað aukin atvinnutækifæri.

Í öðru lagi eru atvinnugreinar þar sem ástandið hefur haldið áfram að versna jafnt og þétt síðan hrúnið varð. Í þessum flokki eru greinar eins og gisting og veitingar, menningar-, íþróttar- og félagastarfsemi svo og ýmis opinber starfsemi á sviði heilbrigðis- og fræðslumála. Staðan í gistingu og veitingum kann að einhverju leyti að skýrast af erfiðleikum í ferðaþjónustu tengdum eldgosinu í Eyjafjallajökli.

Áframhaldandi fjölgun atvinnulausra í heilbrigðis- og fræðslugeirunum endurspeglar hins vegar niðurskurð á útgjöldum ríkis og sveitarfélaga og því ekki að búast við viðsnúningi fyrr en jafnvægi hefur náðst í rekstri hins opinbera. Einnig kann að spila inn í að fólk sem starfar í þessum greinum á erfiðara með að hefja eigin rekstur eða finna sambærileg störf í nágrannalöndunum.

Í þriðja lagi eru síðan fiskveiðar og -vinnsla. Þrátt fyrir að afkoma sjávarútvegs hafi skánað verulega við gengisfall krónunnar þá hefur atvinnuleysi í greininni aukist. Þetta skýrist af langtímaþróun í greininni fremur en kreppunni. Framleiðniaukning hefur leitt til þess að mun færri fólk þarf til að sinna þessum störfum í dag en áður var.

Sveigjanleikinn dregur úr atvinnuleysi


Minni eftirspurn eftir vinnuafli leiðir óhjákvæmilega til aukins atvinnuleysis. Á móti kemur að fólk lagar sig að breyttum aðstæðum, t.d. með því að hverfa af vinnumarkaði tímabundið, fara í nám eða flytjast af landi brott. Þessi sveigjanleiki veldur því að atvinnuleysið verður minna en ella.

Strax í kjölfar hrunsins tapaðist gífurlegur fjöldi starfa. Til að byrja með leiddi þetta nánast til samsvarandi fjölgunar atvinnulausra. Fljótlega byrjaði þó fólk að yfirgefa vinnumarkaðinn í

stórum stíl. Á þriðja ársfjórðungi 2009 höfðu t.d. tapast um 12 þúsund störf miðað við sama tíma árið áður. Fjöldi atvinnulausra hafði hins vegar aðeins aukist um sex þúsund þar sem fjöldi á vinnumarkaði hafði minnkað um önnur sex þúsund. Á öðrum ársfjórðungi í ár fjölgaði starfandi einstakingum milli ára

í fyrsta skipti síðan fyrir hrun og atvinnulausum fækkaði. Minna atvinnuleysi virðist þó fyrst og fremst skýrast af því að karlar hafa yfirgefið vinnumarkaðinn, hugsanlega á leið úr landi. Mikil umskipti urðu einmitt í brottflutningi til og frá landinu árið 2009 en þá fluttu 4.835 fleiri frá landinu en til þess, 2.466 fleiri Íslendingar og 2.369 fleiri erlendir ríkisborgarar.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að atvinnuástandið verði erfitt allt spátímabilið og hægt dragi úr atvinnuleysi næstu þrjú árin. Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 8,2% á yfirstandandi ári, 7,7% á árinu 2011, 6,8% á árinu 2012 og undir lok spátímans verði um 6% mannaflans án atvinnu.





Verðbólga lækkar


Verðbólga hefur það sem af er ári farið hratt lækkandi eftir miklar verðhækkanir í kjölfar gengisfalls á árunum 2008 og 2009. Verðbólgan hjaðnaði þó hægar framan af ári en vonir stóðu til m.a. vegna hækkana á virðisaukaskatti og öðrum opinberum álögum á neysluvörur þar að auki hefur styrking krónunnar skilað sér hægt út í verðlag. Minni kaupmáttur almennings og samdráttur á fasteignamarkaði hafa hins vegar haldið aftur af verðhækkunum.

Búast má við að hægja taki á hjöðnun verðbólgunnar á næstu mánuðum m.a. vegna boðaðra gjaldskrárhækkana veitufyrirtækja og hækkana á opinberum álögum m.a. á

bifreiðar, bensín, áfengi og tóbak. Sömuleiðis má gera ráð fyrir að þröng staða í rekstri ríkis og sveitarfélaga leiði til hækkana á álögum og þjónustugjöldum á næstunni. Verðbólga í helstu viðskiptalöndunum hefur farið lækkandi og spár gera almennt ráð fyrir lítilli

verðbólgu næsta árið að undanskildum áhrifum af uppskerubresti á korni sl. sumar á matvæleverð. Innflutningsverðlag ætti því almennt ekki að auka innlenda verðbólgu að því gefnu að gengi krónunnar haldist stöðugt.

Hagdeildin áætlað að verðbólga verði að meðaltali 5,4% á þessu ári en verði í árslok komin niður undir verðbólguþröng Seðlabankans, 2,5%. Styrking krónunnar og hægur vöxtur einkaneyslu mun halda aftur af verðhækkunum og gert er ráð fyrir að verðbólga verði hófleg allan spátímann eða kringum 2% á ári.




Gengið áfram veikt

Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst nokkuð undanfarið ár og stíf höft séu enn á gjaldeyrisviðskiptum er krónan samt sem áður mjög veik í sögulegu samhengi. Fyrsta skrefið í afnámi gjaldeyrishaftanna var stigið í október í fyrra en þá heimilaði Seðlabankinn innstreymi gjaldeyris til nýfjárfestinga. Frekari hömlum hefur ekki verið aflétt enn sem komið er en í kjölfar þriðju endurskoðunar efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og dóms Hæstaréttar um vaxtakjör á gjaldeyrislánnum var talsverðri óvissu eytt sem eykur líkurnar á að hægt verði að taka næstu skref í að aflétta höftunum fljótlega. Viðskipti með íslenskar krónur eru við núverandi aðstæður takmörkuð og gengið ræðst að miklu leyti af inn- og útstreymi gjaldeyris og innbyrðis breytingum á gengi gjaldmiðla helstu viðskiptalandanna.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir því að með vaxandi trausti á íslenskt efnahagslíf og stjórn efnahagsmála skapist forsendur til að létta á gjaldeyrishöftum í áföngum næstu misserin án

þess að það ógni stöðugleika. Þó eru ekki líkur á að þau verði afnumin í bráð. Mikil óvissa fylgir ávallt spám um þróun á gengi gjaldmiðla. Hagdeildin gerir ráð fyrir að krónan styrkist nokkuð á spátímanum og verði að jafnaði 217 stig í ár (meðalgengi evru á árinu 162). Búast má við að krónan veikist

nokkuð þegar byrjað verður að aflétta gjaldeyrishöftum á ný en með vaxandi trausti á efnahagslífið muni hún styrkjast á nýjan leik og verð komin í um 197 stig í lok spátímans (meðalgengi evru 146 á árinu 2013).



Vextir lækka

Frá hruni bankakerfisins haustið 2008 hefur Seðlabanki Íslands haft gengisstöðugleika sem aðalmarkmið sitt. Til að styðja við þetta markmið hefur bankinn haldið stýrivöxtum háum og takmarkað mjög gjaldeyrisviðskipti með höftum. Seðlabankinn hefur lækkað stýrivextina í átta skrefum frá því í október í fyrra, samtals um 5,75 prósentustig og eru vextirnir nú komnir í 6,25%. Þrátt fyrir þessa lækkun hafa raunstýrivextir, þ.e. stýrivextir að frádreginni verðbólgu, hækkað á tímabilinu þar sem verðbólga hefur lækkað hraðar en vextirnir. Aðhaldsstig peningamálastefnunnar hefur því aukist undanfarið ár og eru raunstýrivextir nú



2,6%. Þá hefur ávöxtunarkrafa á langtímaskuldbindingum lækkað verulega á sama tíma m.a. vegna minni verðbólgu.

Aðhaldsstig peningamála í löndunum í kringum okkur er mun minna en hér á landi en sem dæmi má nefna eru raunstýrivextir neikvæðir í Bandaríkjunum, Bretlandi, og á Evrusvæðinu. Vaxtakostnaður hér á landi er því umtalsvert meiri en í nágrannaríkjum okkar. Þannig er vaxtamunur á skammtímaskuldbindingum á milli Íslands og Evrusvæðisins 5,0%. Svipaða sögu er að segja um vexti á lengri skuldbindingum, en vaxtamunur á 10 ára ríkisskuldabréfum milli Íslands og Evrusvæðisins er 2,8%. Vaxtamunur við útlönd hefur þó minnkað umtalsvert á síðustu misserum.

Hagdeildin gerir ráð fyrir að Seðlabankinn muni áfram beita aðhaldssamri peningastefnu og lækka stýrivexti að því gefnu að verðbólga haldi áfram að hjaðna og krónan að styrkjast.